

158. löggjafarþing 2026–2027.

Þingskjal x — x. mál.

Stjórnarfrumvarp.

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu, nr. 23/2013

Frá menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

Í stað orðanna „a.m.k. tveimur hljóðvarpsdagskrám og einni sjónvarpsdagskrá“ í 1. málsl.

4. tölul. 1. mgr. kemur: hljóðvarps- og sjónvarpsdagskrám.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

1. tölul. 2. mgr. 14. gr. laganna orðist svo: Árleg fjárveiting á grundvelli fjárheimildar í fjárlögum sem nemur að lágmarki áætlun fjárlaga um tekjur af gjaldi skv. 1. mgr., að frádreginni fjárhæð sem svarar til 10% af tekjum Ríkisútvarpsins af viðskiptaboðum, samkvæmt 7. gr. laga þessara. Hlutfallið reiknist af fjárhæð sem svarar til meðaltekna Ríkisútvarpsins af viðskiptaboðum næstu fjögur reikningsár á undan, samkvæmt ársreikningum dótturfélaga, að teknu tilliti til verðlagsbreytinga samkvæmt vísitölu neysluverðs. Til viðbótar komi til frádráttar árlegri fjárveitingu til Ríkisútvarpsins fjárhæð sem nemur tekjum Ríkisútvarpsins af viðskiptaboðum umfram 2.800.000.000 kr.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2027.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið í menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytinu, á grundvelli aðgerðaáætlunar fyrir fjölmiðla sem kynnt var 19. desember 2025. Frumvarpið felur í sér breytingar á lögum um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu, nr. 23/2023.

Til að bregðast við erfiðri stöðu á fjölmiðlamarkaði setti menningar-, nýsköpunar og háskólaráðherra af stað vinnu innan ráðuneytis síns árið 2025, sem laut annars vegar að heildarendurskoðun á stuðningskerfi fjölmiðla hér á landi og hins vegar að frekari aðgerðum til að bregðast við stöðunni á fjölmiðlamarkaði, þar á meðal umsvifum RÚV á

auglýsingamarkaði. Leiðarljós þeirrar vinnu hafa verið að fjölmiðlar séu nauðsynleg forsenda lýðræðislegrar umræðu, til að standa vörð um íslenska tungu, til að tryggja varðveislu menningararfs og viðgang menningar. Fjölmiðlar séu einnig nauðsynlegir fyrir almannaoðryggi og þjónustu við landsmenn um allt land.

Í viðauka II við samning ráðherra við Ríkisútvarpið ohf., um fjölmiðlaþjónustu í almannabágu, sem undirritaður var í desember 2023, segir að á gildistíma samningsins, 2024-2027, verði unnið að því að minnka umsvif Ríkisútvarpsins á samkeppnismarkaði. Verði það t.d. gert með frekari takmörkunum á birtingu viðskiptaboða og/eða með því að breyta eðli og umfangi auglýsingasölu. Unnið verði að útfærslu stafrænna lausna sem gera viðskiptavinum kleift að panta auglýsingar á netinu. Þá segir í viðaukanum að komið verði til móts við mögulegt tekjutap Ríkisútvarpsins af minnkandi umsvifum á samkeppnismarkaði með það að markmiði að Ríkisútvarpið geti áfram sinnt sínu lögbundna hlutverki og uppfyllt ákvæði þjónustusamnings.

Einnig voru hafðar til hliðsjónar skýrslur tveggja starfshópa sem skipaðir voru af þáverandi menningar- og viðskiptaráðherra og falið var að skoða mögulegar leiðir og tillögur til að minnka umsvif Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði. Annars vegar tillögur starfshóps sem skipaður var í júní 2023 og skilaði tillögum sem birtar voru í mars 2024. Hins vegar tillögur vinnuhóps sem skipaður var í mars 2024 og skilaði tillögum og áhrifamati til ráðherra í febrúar 2025.

Haustið 2025 var boðað til viðtæks samráðs menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytis við innlenda fjölmiðla o.fl. og unnið úr fyrirbyggjandi gögnum og tillögum að bættu rekstrarumhverfi fjölmiðla sem fram höfðu komið á síðustu árum. Afrakstur þeirrar vinnu var aðgerðaáætlun í málefnum fjölmiðla sem kynnt var 19. desember 2025 undir yfirskriftinni *Breyttir tímar kalla á breytta nálgun*. Á meðal tæplega 20 aðgerða í aðgerðaáætluninni eru fimm aðgerðir sem snúa sérstaklega að Ríkisútvarpinu.

Frumvarp þetta miðar að því að koma tveimur aðgerðum í aðgerðaáætluninni til framkvæmda, sem báðar tengjast stöðu Ríkisútvarpsins í fjölmiðlaumhverfinu: Aðgerð 1 (Auglýsingafé veitt til annarra fjölmiðla) og aðgerð 4 (Felldar verði út kvaðir um fjölda rása). Þá tengist efni frumvarpsins aðgerð 3 (Aflétting láns vegna eldri lífeyrisskuldbindinga). Við gerð frumvarpsins var hliðsjón höfð af athugasemdum Ríkisútvarpsins, einkarekinna fjölmiðla, Blaðamannafélags Íslands, fulltrúa auglýsenda o.fl. á samráðsfundum menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytisins.

2. Tilfni og nauðsyn lagasetningar.

Staðan á íslenskum fjölmiðlamarkaði er alvarleg, einkareknum fjölmiðlum hefur fækkað og rekstrarskilyrði þeirra hafa versnað á undanförunum árum. Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands eru auglýsingatekjur fjölmiðla um 36% minni en þær voru 2016 þegar þær voru mestar og 8% minni en 2010. Ástæðuna er að stærstum hluta að rekja til alþjóðlegrar samkeppni og útstreymis auglýsingafjár til erlendra aðila. Alþjóðlegir tæknirisar tóku til sín 51% auglýsingafjár hér á landi árið 2024. Markaðshlutdeild erlendra streymisveitna hér á landi hefur farið ört vaxandi á síðustu árum og kannanir sýna að mikill meirihluti heimila á Íslandi hefur aðgang að erlendum streymisveitum. Samhliða því hafa orðið breytingar á notkun fjölmiðla sem endurspeglast í breyttri skiptingu tekna milli fjölmiðla. Frá árinu 2010 hefur orðið fjórðungs samdráttur í tekjum prentmiðla og munar þar mestu um 35% samdrátt auglýsingatekna samanborið við 28% minni tekjur af notendum. Tekjuþróun er afar ólík eftir

miðlum og á meðan dagblöð, tímarit og önnur blöð hafa búið við tekjusatdrátt um langt skeið hafa tekjur útvarps, sjónvarps, vefmiðla og hlaðvarpa aukist.

Hlutdeild Ríkisútvarpsins í auglýsingatekjum innlendra fjölmiðla hefur einnig aukist milli ára, var 20% árið 2022 og var tæplega 29% árið 2024, samkvæmt Hagstofu Íslands.

Einkareknir fjölmiðlar hafa lýst þeim sjónarmiðum að starfsemi Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði hafi neikvæð áhrif á rekstur þeirra og fjárhag. Samkeppniseftirlitið hefur bent á að breyting á þátttöku Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði, í þágu jafnari samkeppnisskilyrða, væri til þess fallin að treysta starfsemi fjölmiðla almennt. Þá hafa fulltrúar auglýsingastofa og framleiðendur kvikmyndaðra auglýsinga lýst þeim sjónarmiðum að RÚV sé mikilvægur vettvangur fyrir auglýsendur, einkum í sjónvarpi, og hafi mikla þýðingu fyrir framleiðslu auglýsinga og skapandi greinar.

Með frumvarpi þessu er m.a. lagt til að umsvif Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði verði takmörkuð með þeim hætti að dregið verði úr fjárframlagi ríkisins til Ríkisútvarpsins sem nemi tilteknu hlutfalli af auglýsingatekjum Ríkisútvarpsins. Jafnframt verði lögfest hámark á tekjur dótturfélaga vegna sölu á birtingu viðskiptaboða skv. 7. gr. laga um Ríkisútvarpið á ársgrundvelli. Hámarkið verði útfært með þeim hætti að til frádráttar árlegri fjárveitingu til Ríkisútvarpsins komi fjárhæð sem nemur auglýsingatekjum Ríkisútvarpsins umfram hámarksfjárhæð. Hámarksfjárhæðin svari til meðaltals auglýsingatekna Ríkisútvarpsins á næstliðnum fjórum, heilum reikningsárum.

Frumvarpið tengist áformum ríkisstjórnarinnar um að framlög til einkarekinna fjölmiðla verði hækkuð um samsvarandi fjárhæð, með þeim fyrirvara að Alþingi ákveður skiptingu fjárheimilda til málefnasviða og málaflokka í fjárlögum ár hvert.

3. Meginefni frumvarpsins.

Lagðar eru til breytingar á 3. gr. og 14. gr. laganna. Í fyrsta lagi er lagt til að felldar verði brott, úr 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna, kvaðir um lágmarksfjölda útvarps- og sjónvarpsstöðva sem Ríkisútvarpinu er skylt að dreifa um allt land, sbr. skýringar við ákvæðið í greinargerð þessari.

Í öðru lagi eru lagðar til breytingar á 14. gr. laganna, sem fjallar um tekjustofna Ríkisútvarpsins. Kveðið verði á um skerðingu á tekjum Ríkisútvarpsins um fjárhæð sem nemi 10% af tekjum Ríkisútvarpsins af viðskiptaboðum. Hlutfallið reiknist af fjárhæð sem svarar til meðaltekna Ríkisútvarpsins af viðskiptaboðum næstu fjögur heilu reikningsár á undan, samkvæmt ársreikningum dótturfélagsins RÚV sölu ehf., að teknu tilliti til verðlagsbreytinga samkvæmt vísitölu neysluverðs. Þá verði kveðið á um hámark („þak“) tekna Ríkisútvarpsins af viðskiptaboðum. Hvort tveggja er nýmæli á vettvangi fjölmiðlalöggjafar hér á landi.

Þessi leið, samhliða áformum stjórnvalda um hækkun fjárframlaga til einkarekinna fjölmiðla, er talin best til þess fallin að tryggja þrennt: að breytingar á tekjuöflun RÚV leiði ekki til þess að meira auglýsingafé renni úr landi; að slíkar breytingar skili sér raunverulega til annarra íslenskra fjölmiðla og; að RÚV verði áfram aðgengilegur auglýsingavettvangur, sem auglýsendur og framleiðendur telja forsendu þess að framleitt verði íslenskt efni og kvikmyndaðar auglýsingar.

Breytingarnar eru í samræmi við viðauka II við þjónustusamning ráðherra og Ríkisútvarpsins 2024-2027 um fjölmiðlaþjónustu í almannabágu.

Efni frumvarpsins miðar að því að rétta samkeppnisstöðu á fjölmiðlamarkaði til að koma í veg fyrir frekari fækkun, og eftir atvikum fákeppni á þeim markaði. Með því að efla innlendan

fjölmiðlamarkað vilja stjórnvöld veita viðspyrnu í alþjóðlegri samkeppni og stuðla að því að hér á landi starfi öflugir innlendir fjölmiðlar, bæði einkareknir fjölmiðlar og Ríkisútvarp.

Breytingar verði undirbúnar með góðum fyrirvara til þess að tryggja sem best fyrirsjáanleika í rekstri Ríkisútvarpsins og gæta að skuldbindingum félagsins gagnvart sjálfstæðum framleiðendum og við kaup á sýningarréttum til lengri tíma. Frumvarpið taki gildi og komi fyrst til framkvæmda í ársbyrjun 2027.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Frumvarpið kemur ekki inn á svið stjórnarskrár og alþjóðlegra skuldbindinga, að öðru leyti en því að lög um Ríkisútvarpið verða að samræmast ríkisstyrkja- og samkeppnisreglum EES-samningsins vegna útvarpsþjónustu í almannabágu.

5. Samráð.

Við gerð aðgerðaáætlunar í málefnum fjölmiðla var samráð haft við Ríkisútvarpið ohf., einkarekna fjölmiðla, Samband íslenskra auglýsenda o.fl. Kallað var eftir upplýsingum og gögnum frá Ríkisútvarpinu og sérfræðingum um markaðsmál og litið til skýrslna og tillagna sem vinnuhópar hafa lagt fram til ráðherra málaflokksins á síðustu misserum. Við gerð frumvarpsdraga var samráð haft við Ríkisútvarpið og Ríkisendurskoðun.

6. Mat á áhrifum.

6.1 Áhrif á ríkissjóð

Ekki er gert ráð fyrir að breytingar á 1. málsl. 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. hafi í för með sér breytingar á útgjöldum eða tekjum fyrir ríkissjóð, þar sem að ekki er mælt fyrir um breytingar á fjölda útvarpsstöðva Ríkisútvarpsins til fjölgunar eða fækkunar.

Frumvarpið hefur í för með sér að hluti innheimtra tekna ríkissjóðs af útvarpsgjaldi rennur ekki til reksturs Ríkisútvarpsins. Frumvarpið tengist áformum ríkisstjórnarinnar um að framlög til einkarekinna fjölmiðla verði hækkuð um samsvarandi fjárhæð, með þeim fyrirvara að Alþingi ákveður skiptingu fjárheimilda til málefnasviða og málaflokka í fjárlögum ár hvert. Ekki er gert ráð fyrir að lögin, verði frumvarpið samþykkt, hafi í för með sér verulegar tekjubreytingar fyrir ríkissjóð.

Frumvarpið byggist á þeirri forsendu að gripið verði til mótvægisáðgerða til að takmarka tekjumissi Ríkisútvarpsins til að félagið geti áfram uppfyllt skyldur sínar samkvæmt lögum og samningi um fjölmiðlaþjónustu í almannabágu. Frumvarpið tengist þannig áformum ríkisstjórnarinnar um að aflétta lánaskuldbindingum Ríkisútvarpsins vegna eldri lífeyrisskuldbindinga, svokölluðu „LSR-láni“, af félaginu. Með því móti verði bæði rekstrar- og fjárfestingagrundvöllur félagsins færður til viðunandi horfs og skuldir vegna eldri lífeyrisskuldbindinga Ríkisútvarpsins færðar frá félaginu, eins og gert hefur verið hjá nær öllum opinberum aðilum og fyrirtækjum sem sinna opinberum rekstri.

Aflétting lánaskuldbindinga mun leiða til aukins kostnaðar ríkisins en fellur utan gildissviðs og markmiða þessarar lagasetningar.

6.2 Áhrif á Ríkisútvarpið

Fjármögnun Ríkisútvarpsins

Ríkisútvarpið er að stærstum hluta fjármagnað með framlagi úr ríkissjóði sem samsvarar útvarpsgjaldi sem einstaklingar, eldri en 16 ára, og lögaðilar greiða samhliða álagningu opinberra gjalda (6.366 m.kr. eða 68% rekstrartekna árið 2025). Ríkisútvarpið er einnig á


auglýsingamarkaði og eru tekjur félagsins af sölu auglýsinga og kostana um þriðjungur af heildartekjum þess (2.555 m.kr. eða 27% rekstrartekna árið 2025). Mikill meirihluti eða tæplega 80% almannajónustumiðla í Evrópu, sem aðild eiga að Sambandi evrópskra sjónvarpstöðva (EBU), eru fjármagnaðir með sambærilegum, blönduðum hætti. Dótturfélagið RÚV sala ehf. annast fyrir móðurfélagið þá starfsemi sem telst til samkeppnisrekstrar, þ.m.t. sölu og móttöku auglýsinga. Þrátt fyrir að hlutdeild Ríkisútvarpsins í innlendum auglýsingatekjum hafi aukist á milli ára hafa tekjur af auglýsingasölu Ríkisútvarpsins dregist saman að raunvirði sl. áratug. Má það m.a. rekja til þess að Ríkisútvarpinu er óheimilt að selja auglýsingar til birtingar á vef RÚV en vefauglýsingum hefur fjölgað mjög á undanförunum árum. Auk þess hefur tilkoma erlendra samfélagsmiðla og auglýsingasala á þeim vettvangi áhrif á auglýsingasölu Ríkisútvarpsins, eins og annarra fjölmiðla.

Tafla 1: Auglýsingasala RÚV 2022-2025. Fjárhæðir eru í milljónum króna.

Ár	Auglýsingasala	Sala verðl. maí 2026
2022	2.398	2.907
2023	2.463	2.771
2024	2.552	2.741
2025	2.555	2.626

Þróun auglýsingatekna frá 2022 má einnig sjá á mynd 1. Á henni sést að tekjurnar á föstu verðlagi ársins 2026 fara minnkandi.

Mynd 1: Auglýsingasala Ríkisútvarpsins 2022-2025. Fjárhæðir eru í milljónum króna.



Aðrar tekjur Ríkisútvarpsins nema um 5% af heildartekjum félagsins að meðaltali en þar undir falla m.a. leigutekjur af dreifikerfi, leigutekjur af húsnæði í Efstaleiti, styrkir, sala safnaefnis o.fl.

Lögbundnar takmarkanir á sölu viðskiptaboða hjá Ríkisútvarpinu

Ríkisútvarpið ohf. starfar á grundvelli laga um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu, nr. 23/2013, og samnings við ráðherra málaflokksins um fjölmiðlaþjónustu í almannabágu 2024-2027. Reglur um takmarkanir á sölu viðskiptaboða í miðlum Ríkisútvarpsins er að finna í 7. gr. laga um Ríkisútvarpið. Reglunum er ætlað að draga úr umsvifum RÚV á auglýsingamarkaði. Með viðskiptaboðum er einkum átt við auglýsingar, vöruinnsetningar og kostun dagskrárefnis.

Ákvæði 7. gr. er skipt í átta málsgreinar og með þeim eru lagðar auknar kvaðir á Ríkisútvarpið umfram einkarekna fjölmiðla, einkum vegna kostunar, vöruinnsetninga, rofs dagskrárliða með auglýsingum og hlutfalls auglýsinga innan klukkustundar.

Vöruinnsetningar eru óheimilar í efni sem Ríkisútvarpið framleiðir sjálf og/eða framleitt er fyrir Ríkisútvarpið í samstarfi við innlenda aðila og Ríkisútvarpinu er óheimilt að birta auglýsingar á vef. Kostun og rof dagskrárliða með auglýsingum er óheimilt með þeim undantekningum sem fram koma í 2. mgr. og 3. mgr. 7. gr. Heimilt er að kosta íburðarmikla dagskrárliði og útsendingu innlendra íþróttaviðburða og umfjöllun um þá. Heimilt er að rjúfa íburðarmikla dagskrárliði með auglýsingum og einnig eigin framleiðslu Ríkisútvarpsins sem er a.m.k. 60 mínútur að lengd.

Samkvæmt 8. mgr. 7. gr. skal Ríkisútvarpið setja sér og birta reglur um birtingu viðskiptaboða og kostun dagskrárefnis, þ.m.t. um rof á dagskrárefni vegna birtingar viðskiptaboða. Auglýsingareglur RÚV og RÚV sölu eru aðgengilegar á vef RÚV. Fjölmiðlanefnd hefur eftirlit með því að viðskiptaboð á miðlum RÚV séu í samræmi við 7. gr. laga um Ríkisútvarpið.

Áhrif lagasetningar á fjárhag RÚV

Greind voru áhrif frumvarpsins á Ríkisútvarpið miðað við að aflétta lánaskuldbindingum og skerða tekjur samstæðunnar um fjárhæð sem nemur tilteknu hlutfalli auglýsingatekna, auk fjárhæðar umfram 2800 m.kr. hámark auglýsingatekna, sem er meðaltal auglýsingatekna Ríkisútvarpsins á síðastliðnum fjórum árum (2022-2025). Niðurstöður sýna að áhrif á sjóðstreymi yrðu neikvæð ef hlutfall skerðingar færi yfir 6,6-7,6%. Munar þar mestu um hlutfallslega skerðingu en minna um greiðslu yfir tiltekið „þak“ á auglýsingatekjur, þar sem auglýsingasala fór aðeins einu sinni yfir 2800 m.kr. þak á síðastliðnum fjórum árum.

Í töflu 3 sést sést að tekjur RÚV hefðu lækkað um 263 til 382 milljónir kr. á ári á árunum 2022-2025 ef félagið hefði greitt framlag sem næmi 10% af auglýsingatekjum næstliðins árs auk greiðslu umfram 2800 m.kr. hámark auglýsingatekna. Áhrif þess á sjóðstreymi félagsins sjást áætluð í dálkinum lengst til hægri og hefðu verið neikvæð um 57 m.kr. árið 2025.

Tafla 3: Tekjuskерðing sem nemur 10% auglýsingatekna RÚV að teknu tilliti til mótvægisáðgerðar.

Ár	Lán	Auglýsingatap	Mismunur
2022	206	382	-176
2023	206	279	-73
2024	206	273	-67
2025	206	263	-57
Meðaltal	206	299	-93

Fjárhæðir eru í milljónum króna.

Af áhrifamati leiðir að grípa þyrfti til ráðstafana til hagræðingar hjá Ríkisútvarpinu verði frumvarpið samþykkt óbreytt.

Áætlanir byggjast á auglýsingatekjum RÚV sölu ehf. á síðastliðnum fjórum árum og miðast jafnframt við að gripið verði til aðgerða til að koma til móts við tekjutap RÚV, með afléttingu lánaskuldbindinga félagsins vegna eldri lífeyrisskuldbindinga. Þá ber að hafa í huga að auglýsingatekjur og gjöld vegna sýningarréttinda eru sveiflukennd eftir árum, t.d. eftir því hvort stórir íþróttaviðburðir eru á dagskrá, en tekjur af þeim standa að nokkru leyti undir fjármögnun á slíku efni. Samningar um kaup á sýningarréttindum og framleiðslu á þessu efni eru í mörgum tilvikum gerðir mörg ár fram í tímann.

Aðrar leiðir sem til greina komu við lagasetningu

Einnig voru greind áhrif frumvarpsins á Ríkisútvarpið miðað við að aflétta lánaskuldbindingum og skerða tekjur samstæðunnar um fjárhæð sem nemur 11% og 12% auglýsingatekna, auk greiðslu umfram 2800 m.kr. hámark auglýsingatekna.

Niðurstöður í töflum 4 og 5 sýna að áhrif á sjóðstreymi hefðu verið neikvæð um 84 m.kr. árið 2025 ef hlutfall skerðingar hefði numið 11% og um 110 m.kr. ef hlutfall skerðingar hefði numið 12% auglýsingatekna sama ár, auk þaks á auglýsingatekjum.

Tafla 4: Tekjuskерðing sem nemur 11% auglýsingatekna RÚV að teknu tilliti til mótvægisáðgerðar.

Ár	Lán	Auglýsingatap	Mismunur
2022	206	411	-205
2023	206	307	-101
2024	206	300	-94
2025	206	290	-84
Meðaltal	206	327	-121

Tafla 5: Tekjuskерðing sem nemur 12% auglýsingatekna RÚV að teknu tilliti til mótvægisáðgerðar.

Ár	Lán	Auglýsingatap	Mismunur
2022	206	440	-234
2023	206	335	-129
2024	206	328	-122
2025	206	316	-110
Meðaltal	206	355	-149

Þá sýnir tafla 6 útkomuna ef framlagið hefði numið 6,62% af auglýsingatekjum RÚV, auk hámarks á auglýsingatekjum. Það hefði leitt til jafnvægis yfir þetta fjögurra ára tímabil en sjóðstreymi RÚV hefði þá verið jákvætt á tímabilinu 2023-2025.

Tafla 6: Tekjuskerðing sem nemur 6,62% auglýsingatekna RÚV að teknu tilliti til mótvægisáðgerðar

Ár	Lán	Auglýsingatap	Mismunur
2022	206	284	-78
2023	206	185	21
2024	206	181	25
2025	206	174	32
Meðaltal	206	206	-0

Að teknu tilliti til framangreinds varð talið að skerðing tekna um 10%, auk fjárhæðar umfram 2800 m.kr. hámark auglýsingatekna, samræmdist best þeim markmiðum frumvarpsins að rétta samkeppnisstöðu á fjölmiðlamarkaði og stuðla um leið að því að Ríkisútvarpinu verði áfram kleift að sinna sínu lögbundna hlutverki og uppfylla ákvæði þjónustusamnings um fjölmiðlaþjónustu í almannapágu.

Áhrif á stjórnsýslu

Frumvarpið er ekki talið hafa í för með sér teljandi kostnað fyrir stjórnsýslu ríkisins, að öðru leyti en því að ráðuneytið fær það hlutverk að staðfesta þá fjárhæð sem kemur til frádráttar tekjum af útvarpsgjaldi á ári hverju og er heimilt að útvista því verkefni til óháðra endurskoðenda, endurskoðunarfyrirtækja eða annarra sérfræðinga.

Áhrif á jafnrétti og persónuvernd

Frumvarpið hefur ekki áhrif á persónuvernd eða jafnrétti kynja.

Samfélagsleg áhrif og áhrif á hagaðila

Þess er vænst að lagabreytingin geti haft jákvæð efnahagsleg áhrif til lengri tíma þar sem áform stjórnvalda um að takmarka umsvif Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði eru talin til þess fallin að hafa jákvæð áhrif á rekstur innlendra, einkarekinna fjölmiðla, samkeppni og fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði. Þannig er talið að samfélagslegur ávinningur af samþykkt frumvarpsins verði meiri en hugsanleg neikvæð eða íþyngjandi áhrif þess á Ríkisútvarpið.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að felld verði brott krafa um lágmarksfjölda hljóðvarps- og sjónvarpsdagskrár í 3. gr., nánar tiltekið krafa í 1. málsl. 4. tölul. 1. mgr. greinarinnar um að Ríkisútvarpinu sé skylt að miðla að lágmarki tveimur hljóðvarpsdagskrám og einni sjónvarpsdagskrá um land allt. Þess í stað verði kveðið á um að Ríkisútvarpinu sé skylt að dreifa efni til alls landsins og næstu miða með hljóðvarps- og sjónvarpsdagskrám árið um kring. Samkvæmt gildandi lögum er stjórn RÚV eingöngu heimilt að fjölga útvarps- og sjónvarpsstöðvum félagsins, að teknu tilliti til 16. gr. laganna um mat á nýrri almannapjónustu í almannapágu. Með breytingunni

verður stjórninni einnig heimilt að fækka útvarpsstöðvum. Breytingatillagan miðar þannig að því að auka sveigjanleika við ákvarðanatöku um miðlun dagskrárefnis Ríkisútvarpsins. Ekki er talið nauðsynlegt eða æskilegt að fjöldi hljóðvarps- og útvarpsdagskráa Ríkisútvarpsins sé sérstaklega tilgreindur í lögum, heldur taki starfssvið stjórnar Ríkisútvarpsins til þess að taka slíkar ákvarðanir um umfang starfseminnar.

Um 2. gr.

Í ákvæðinu er mælt fyrir um breytingar á 14. gr. laganna sem fjallar um tekjustofna Ríkisútvarpsins. Lagt er til að frá árlegum tekjum Ríkisútvarpsins af útvarpsgjaldi, samkvæmt fjárveitingu á grundvelli fjárheimildar í fjárlögum, dragist fjárhæð sem svarar til 10% auglýsingatekna Ríkisútvarpsins. Hlutfallið reiknist af fjárhæð sem svarar til meðaltekna Ríkisútvarpsins af viðskiptaboðum næstu fjögur reikningsár á undan, samkvæmt ársreikningum dótturfélaga, að teknu tilliti til verðlagsbreytinga samkvæmt vísitölu neysluverðs. Breytingar og sveiflur á auglýsingatekjum Ríkisútvarpsins frá ári til árs gera það að verkum að talið er heppilegra að miða við meðaltal tekna af viðskiptaboðum á nokkurra ára tímabili en t.d. tekna til eins árs.

Einnig komi til frádráttar árlegum tekjum af útvarpsgjaldi fjárhæð sem nemur tekjum Ríkisútvarpsins af viðskiptaboðum umfram 2.800.000.000 kr. Skilgreind hámarksfjárhæð tekur mið af meðaltali auglýsingatekna Ríkisútvarpsins 2022-2025: 2.761.000.000 kr. Ráðgert er að fjárhæðin verði endurreiknuð við undirbúning fjárlaga hverju sinni að teknu tilliti til verðlagsbreytinga samkvæmt vísitölu neysluverðs.

Fylgst verði náið með þróun mála fyrstu árin eftir að breytingarnar taka gildi til að meta áhrif þeirra á tekjur Ríkisútvarpsins annars vegar og fjárframlög ríkisins til stuðningskerfis við einkarekna fjölmiðla hins vegar.

Um 3. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.